

7. Frumvarp

til laga um sjúkratryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

1. gr.

Í hverjum kaupstað og hverju sýslufjelagi á landinu skal stofna sjóð til tryggingar þeim, sem verða fyrir veikindum.

2. gr.

Gjaldskyldir til sjúkrasjóðanna eru allir til fulls 65 ára aldurs, og skal árlegt gjald vera:

- a. Frá 1 til fulls 15 ára aldurs 1,00 kr.
- b. Frá upphafi 16. aldursárs til fulls 60 ára aldurs: karlar 5,00 kr., konur 3,00 kr.
- c. Frá upphafi 61. aldursárs til fulls 65 ára aldurs 1,00 kr.

Undanþegnir gjaldi til sjúkratryggingarsjóða eru þeir, sem eru meðlimir í lögskráðu sjúkrasamlagi, svo og holdsveikir menn og geðveikir.

3. gr.

Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr rikissjóði, er nemur 2 kr. fyrir hvern íbúa kaupstaðarins eða sýslufjelagsins það ár. Enn fremur skal greitt úr hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði tillag, er nemur 1 kr. á hvern íbúa kaupstaðarins eða hreppsins það ár.

4. gr.

Hreppsnefndir skulu fyrir lok janúarmánaðar ár hvert semja skrá um alla þá, sem gjaldskyldir eru í hreppnum til tryggingarsjóðsins. Í kaupstöðum semja 3 menn, er bæjarstjórn kys úr sinum flokki, skýrslur þessar. Á skrána skulu þeir settir, er lögheimili hafa í kaupstaðnum eða hreppnum hinn 1. janúar; sje vafi um heimilisfang manns, skal hann settur á skrá í þeim kaupstað eða hreppi, þar sem hann dvelur um áramótin.

Skráin skal rituð á prentuð eyðublöð, er atvinnumálaráðuneytið lætur prenta á kostnað rikissjóðs og útbýtir.

Lögreglustjórinn í Reykjavík og hver prestur, að því er prestakall hans snertir, er skyldur að láta nefndum þessum í tje skýrslur þær, er nauðsyn krefur, úr manntalsskýrslunum í Reykjavík og sálnaregistrunum annarsstaðar.

5. gr.

Auk þess, sem gjaldendur eiga að greiða gjöld sín til sjúkratryggingarsjóðsins hver fyrir sig, þá eru menn skyldir að leggja fram gjöldin fyrir aðra, svo sem hjer segir:

- a. Kvongaðir menn eiga að inna af hendi sjúkratryggingarsjóðsgjald fyrir konur sínar meðan hjónabandinu er ekki slitid að lögum, enda sjeu þau til heimilis í sama hreppi.
- b. Foreldrar og fósturforeldrar eiga að inna af hendi sjúkratryggingarsjóðsgjald fyrir börn sín og fósturbörn, sem eru á þeirra vegum eða þeir kosta til náms. Sveitar- og bæjarstjórnnum er heimilt að greiða sjúkratryggingarsjóðsgjöld fyrir börn fátækra fjölskyldumanna úr bæjar- eða sveitarsjóði, og telst það ekki þeginn sveitarstyrkur.
- c. Húsbændur eiga að greiða tryggingarsjóðsgjald fyrir hjú sín og annað þjónustufólk sitt.
- d. Iðnaðarmenn eiga að greiða tryggingarsjóðsgjald fyrir starfsmenn (iðnema og sveina) sína.
- e. Kaupmenn, verzlunarstjórar og aðrir verkveitendur eiga að greiða sjúkratryggingarsjóðsgjald fyrir þá, sem eru í fastri þjónustu hjá þeim, ef þeir eiga ekki sjálfir heimili forstöðu að veita.
- f. Húsráðendur eiga að greiða sjúkratryggingarsjóðsgjald fyrir lausamenn og lausakonur, sem hjá þeim hafa lögheimili síðasta vistarár, svo og fyrir húsmenn, sem ekki hafa húsnæði út af fyrir sig.

Nú eru þessir menn óreigar að álitu hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, og fellur þá niður skylda þeirra til að greiða sjúkratryggingarsjóðsgjöld fyrir aðra, sem þá skulu sjálfir greiða gjaldið. Þeir, sem greiða sjúkratryggingarsjóðsgjald fyrir aðra, hafa rjett til þess að telja þau þeim til skuldar, sem gjaldskyldir eru, svo og til að halda gjaldinu eftir af kaupi þeirra eða launum.

6. gr.

Skrár þær, sem gerðar hafa verið um gjaldskyldu manna til sjúkratryggingarsjóðanna, skulu liggja almenningi til sýnis frá 1.—7. dags febrúar-

mánaðar ár hvert á einhverjum hentugum stað í hreppnum eða kaupstaðnum, og skal auglýsa það með viku fyrirvara, hvar skrárnar verða lagðar fram.

7. gr.

Nú álitur einhver, að maður sje ranglega talinn á skránni eða einhverjum ranglega slept þar, og skal hann þá innan 15. dags febrúar koma fram með mótbáru sinnar eða kröfur í þessu efni til hlutaðeigandi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, er leggur úrskurð á þær innan hálfis mánaðar þar frá. Úrskurðinum má skjóta til sýslumanns innan 15. dags marsmánaðar til fullnaðarúrskurðar.

Síðan skulu skýrslurnar sendar hlutaðeigandi sýslumanni eða lögreglustjóra innan 15. dags aprilmánaðar.

Nú hefir sami maður verið settur á skrá í tveimur sveitarfjelögum eða sýslufjelögum, og hefir hann þá rjett á að fá gjaldið endurgoldið úr tryggingarsjóðnum í því sveitar- eða sýslufjelagi, sem hann átti ekki lögheimili 1. janúar, og ber honum að sanna þetta fyrir hlutaðeigandi sýslumanni eða lögreglustjóra innan ársloka.

8. gr.

Í kaupstöðum skulu lögreglustjórar, en annarsstaðar sýslumenn heimta gjaldið á manntalsþingum og koma því á vöxtu á tryggum stað þar til útlutun fer fram.

9. gr.

Argjald til sjúkratryggingarsjóðanna má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. desember 1885. Sjúkratryggingarsjóðsgjöld hafa sama forgangsrjett í dánar- eða þrotabúi gjaldenda eins og skattar og gjöld til rikissjóðs. Rjett til greiðslu úr sjóðunum missa menn meðan þeir, eða þeir sem eiga að greiða fyrir þá, standa í skuld við þá.

10. gr.

Í kaupstöðum skulu lögreglustjórar, en í sýslufjelögum sýslumenn hafa á hendi reikningshald sjóðanna og geyma eignarskirteini þeirra. Reikningar sjóðanna fyrir hvert ár skulu fyrir lok janúarmánaðar sendir hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd, og kýs bæjarstjórnin eða sýslunefndin 2 menn til að endurskoða þá, en bæjarstjórnin eða sýslunefndin úrskurðar reikningana. Í kaupstöðum sendir bæjarstjórnin atvinnumálaráðuneytinu árlega skýrslu um hag sjúkratryggingarsjóðanna; samskonar skýrslu sendir sýslunefndin atvinnumálaráðuneytinu, og í Stjórnartíðindunum skal árlega birta skýrslu um hag sjúkratryggingarsjóðanna í hverjum kaupstað og hverri sýslu.

11. gr.

Úr sjúkratryggingarsjóðunum skal á ári hverju greiða $\frac{9}{10}$ hluta af tekjum sjóðanna næsta ár á undan til þess að greiða yfirstandandi árs sjúkdómskostnað þeirra, sem rjett hafa til greiðslna úr sjóðnum. Eftirstöðvunum, $\frac{1}{10}$

hluta, skal sýslumaður eða bæjarfógeti koma á vöxtu í aðaldeild Söfnunar-sjóðsins. Heimilt er þó að ávaxta eftirstöðvar þessar í peningastofnun innan sýslu- eða bæjarfjelagsins, ef viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn óskar þess og fjármálaráðuneytið, að fengnum tillögum bankaeftirlitsmanns, telur stofnunina fulltrygga.

12. gr.

Úthlutun úr sjúkratryggingarsjóðunum skal fara fram fjórum sinnum árlega, dagana 1.—7. febrúar fyrir undangengna 3 mánuði, október—desember. 1.—7. maí fyrir janúar—mars, 1.—7. ágúst fyrir apríl—júni, og 1.—7. nóvember fyrir júlí—september.

13. gr.

Úthluta skal úr sjóðunum eftir þessum reglum: Fyrir öðrum greiðslum skulu sitja greiðslur vegna berklaveikra samkvæmt 14. gr. berklavarnalaganna, þannig að þær greiðslur, sem eftir þeim hvíla á rikissjóði og sýslu- og bæjarsjóðum, skulu greiddar úr sjúkrasjóðunum. Að öðru leyti fer eftir því, sem rjett þykir eftir efnahag og öðrum ástæðum styrkbeiðenda. Styrkur úr sjóðunum er bundinn við sjúkralegu innanlands, og undanskildir eru þeir sjúklingar, sem hið opinhera annast, t. d. holdsveikir, svo og geðveikir menn

14. gr.

Úthlutun úr sjóðunum hafa með höndum: í kaupstöðum 3 menn, kosnir af bæjarstjórn, í sýslum 3 menn, kosnir af sýslunefnd. Þóknun til þeirra greiðist úr sýslusjóði eða bæjarsjóði. Ráðherra setur, ef þurfa þykir, með reglugerð nánari reglur um stjórn sjóðanna, eftirlit og úthlutanir.

15. gr.

Sjúkdómskostnaður, sem tekið skal tillit til við úthlutun úr sjóðnum er: legukostnaður, lyf og læknishjálp sjúklinga í sjúkrahúsum, lyf, læknishjálp og aðkeypt hjúkrun sjúklinga í heimahúsum.

16. gr.

Sjúklingar eiga rjett til greiðslna úr þeim sjúkrasjóði, þar sem þeir greiddu síðast tillag sitt eða það var greitt fyrir þá.

17. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði 14. gr. berklavarnalaganna frá 27. júní 1921, um greiðslu rikissjóðs og sýslusjóða vegna berklasjúklinga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta Alþingi bar Jón Sigurðsson þingm. Skagfirðinga fram frv. það, sem að framan er tekið upp með litlum breytingum. Frv. varð þá ekki útrætt, enda kom það seint fram, en það fjallar um svo mikilsvert mál, að stjórninni þykir rjett að láta það á ný koma fyrir þingið.

Hjer á landi vantar tilfinnanlega skýrslur um sjúkrakostnað og þar af leiðir, að erfitt er að gera sjer í hugarlund hversu hátt gjald muni þurfa til þess að standast allan þenna kostnað. Úr þessu verður reynslan að skera. En af þessu leiðir að í þessum málum verðum vjer að prófa oss fram og það sýnist naumast rjett að draga lengur að byrja að afla sjer þessarar reynslu. Og auk þess leiðir af þessu frv., ef það verður að lögum, að nokkuð af fje rikissjóðs losnar og mætti þá verja því til verklegra framkvæmda, enda er þess full nauðsyn, eftir þá kyrstöðu, sem hefir verið undanfarin ár.

Það þykir rjett að prenta hjer upp greinargerð þá, sem fylgdi frv. frá flutningsmanni þess á þinginu 1924. En að öðru leyti virðist ekki ástæða til frekari athugasemda. Greinargerðin er svohljóðandi:

Tryggingar ýmiskonar hafa verið notaðar frá fornu fari. Það er þó ekki fyr en á síðustu áratugum, að þjóðfjelögin, með aðstoð löggjafarvaldsins, skipa fyrir um almennar tryggingar, til þess að hjálpa olnbogabörnum þjóðfjelagsins eða þeim, sem hafa orðið fyrir sjerstöðum óhöppum.

Í nágrannalöndum okkar er lögboðin ellitrygging, slysatrygging, sjúkra-trygging o. fl.

Hjer á landi er lögskipuð ellitrygging og slysatrygging, og með berkla-varnalögunum er rikissjóði og sýslusjóðunum í reyndinni gert að skyldu að greiða sjúkrakostnað nálega allra berklaveikra manna á landinu án nokkurs tillags frá þeirra hendi.

Reynslan, sem þegar er fengin hjer á landi t. d. með ellistyrktarsjóð-ina, hefir sýnt, að slíkar tryggingar eru hagfeld og ódýr hjálp, sje þeim byggi-lega fyrir komið.

Á rikissjóði, sýslusjóðum og sveitasjóðum hvíla nú þung gjöld vegna margvíslegs sjúkrakostnaðar. Síðastliðið ár var greitt úr rikissjóði vegna berkla-sjúklinga um 300 þús. kr. og úr sýslusjóðum líklega 100—120 þús. kr. Á sama tíma greiddi rikissjóður vegna annara sjúklinga, samkv. 77. og 78. gr. fátækra-laganna, 52 þús. kr., og loks eru ótalin öll gjöld sveitarfjelaganna vegna sjúkra-kostnaðar. Með þeirri skipulagsbreytingu, sem hjer er gert ráð fyrir, mundi meiri hlutinn af þessum gjöldum færast yfir á sjúkrasjóðina. Hjer er því að ræða um sparnað fyrir hið opinbera, sem síðar mun verða sýnt. Ennfremur er þjóðlif okkar að breytast á þann veg, að þörfin á almennri sjúkratryggingu verður brýnni með hverju árinu sem líður. Í því efni má benda á, að sá gamli og góði siður, að fólk dveldi árum eða áratugum saman í sömu vistinni, er nú sem ódast að hverfa. Verkafólkið fer því á mis við þá hjálp, er flestir hús-bændur töldu sjer skylt að veita slíku hjúum, er veikindi bar þeim að höndum.

Nú fer mikill fjöldi fólks árlega landshorna á milli og eyðir bestu

árum æfi sinnar án þess að leggja eyri fyrir. Bili heilsan eða veikindi stæðji að, fer það á sveitina eða ríkissjóðinn. Þessi lausung og umrenningsháttur fer stöðugt vaxandi og virðist ætla að verða þyngri og þyngri byrði á öllum þeim, er hugsa lengra en um liðandi stund.

Það, sem drepið hefir verið á hjer að framan, reynslan, sem fengin er af tryggingum hjer á landi, bein gjöld þess opinbera til sjúklinga og kæruleysið í fjármálum, sem alment gerir vart við sig, alt þetta bendir ótvírátt í þá átt, að nú sje tímabært að koma hjer á nokkrum visi til almennrar sjúkratryggingar.

Tilgangurinn með þessu frumvarpi er því sá, að knýja hvern mann til að leggja til hliðar — spara nokkrar krónur árlega fyrir væntanlegum veikindakostnaði. Og þá auðvitað oftast peninga, sem færur fyrir lítið eða ekkert. Í ársútgjöldum þeirra, sem berjast í bökkum með að framfleyta sjer og sinum, er þetta svo litill liður, að það gæti tæplega orðið tilfínnanlegt, enda mundu þeir að sjálfsgöðu fyrstir njóta þess hagræðis, sem tryggingin veitir.

Tekjur sjóðanna mun óháett að áætla þannig:

Frá ríkissjóði	kr. 185000,00
— sveitarsjóðum	— 93000,00
Árstíllag barna til 15 ára aldurs	— 31000,00
— karla 15—60 ára	— 127000,00
— kvenna 15—60 ára	— 81000,00
— karla og kvenna 60—65 ára	— 3000,00
		Samt. kr. 520000,00
		Par frá dregst $\frac{1}{10}$ hluti 52000,00
		Eftir verða kr. 468000,00

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að mestur hluti berklavarnakostnaðarins, þ. e. allur sjúkrakostnaðurinn, greiðist af sjúkratryggingarsjóðunum. Þessi kostnaður er nú um 400 þús. kr. Með smávægilegum breytingum á berklavarnalögum, sem að nokkru leyti leiddi af þessum lögum, mundu þessi útgjöld lækka nokkuð, t. d. ef úrskurðarvaldið um styrkhæfi berklasjúklinga væri lagt í hendur stjórnnum sjúkratryggingarsjóðanna og þeim heimilað að úrskurða, að sjúklingur greiði árlega nokkurn hluta sjúkrakostnaðar, ef hann telst efnalega fær um það.

Útgjöld sjúkratryggingarsjóðanna til berklaveikra, að fengnum þessum breytingum, mun hæfilegt að áætla 350—360 þús. kr. Eru þá eftir þegar á fyrsta ári rúmar 100 þús. kr., sem koma til skifta milli þeirra sjúklinga, sem nú verða að leita á náðir sveitanna eða góðra manna.

Að endingu má taka það fram, þó það sje ekkert aðalatriði í þessu máli, að með þessu skipulagi er lagður grundvöllur undir stórfelt fjársafn, sem getur orðið sem veltufje til ómetanlegs gagns fyrir allskonar framkvæmdir og umbætur er stundir líða.